

Borgarstjórn
20. febrúar 2018

Tillaga Sjálfstæðisflokks um úrbætur í málefnum nemenda, sem hafa íslensku sem annað tungumál

Borgarstjórn samþykkir að óháðum aðila verði falið að greina sérstaklega stöðu nemenda í grunnskólum Reykjavíkur, sem hafa íslensku sem annað tungumál (ÍSAT). Umræddur aðili kanni hvað farið hefur úrskeiðis í kennslu ÍSAT-nemenda í Reykjavík og komi með tillögur til úrbóta. Niðurstöður síðustu PISA-kannana sýna að lesskilningi ÍSAT-nemenda, hefur hrakað enn hraðar en hjá nemendum, sem eiga íslensku að móðurmáli samkvæmt greiningu menntamálastofnunar. Rannsóknir sýna að lítill lesskilningur bitnar á námsframvindu í öðrum námsgreinum.